



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Steinar Ingi Þorsteinsson <steinar@egilsstadir.is>, gunnlaugur@egilsstadir.is
Re: Náttúrufræðistofnun, verklýsing fyrir breytingu á ASK Fljótsdalshéraði, Geitdalsvirkjun - 20181
Sent: 01.04.2019 13:59:25 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019030005, Bréfalyklar: 42-0 Ums
almennt

Tilvísun í mál: 2019030005

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði, dags. 6. mars, þar sem auglýst er til umsagnar verkefnislýsing fyrir tillögu að breyttu Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Um er að ræða lýsingu á væntanlegri skipulagstillögu vegna fyrirhugaðrar virkjunar Arctic Hydro í Geitdalsá á Fljótsdalshéraði. Áætlað afl virkjunarinnar er 9,9 MW en unnið er að frumhönnun hennar.

Í verkefnislýsingunni kemur fram að framkvæmdaraðili hyggst fara með virkjunina í mat á umhverfisáhrifum, eins og að um væri að ræða framkvæmd sem væri matsskyld, þó fyrirhugað sé að hún verði minni en 10MW. Þar sem virkjunin er á mörkum þess að vera 10MW og hönnun auk þess ekki lokið telur Náttúrufræðistofnun eðlilegt sé að setja framkvæmdina í mat á umhverfisáhrifum. Einnig mun framkvæmdin og skipulagstillagan fara í umhverfismat í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Í verkefnislýsingu kemur einnig fram að umfang mannvirkja er enn óljóst enda miðað við forathugun og getur því breyst að lokinni frumhönnun.

Í kafla um **Tengsl við aðrar áætlanir og aðra hagsmuni** segir: „Engin verndarákvæði eiga við um svæðið, hvorki vegna náttúru- né menningarminja en skrá skal minjar á framkvæmdasvæðum sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.“ Náttúrufræðistofnun telur að þetta verði að skoða betur. Í fyrsta lagi gilda almenn ákvæði laga um náttúruvernd á þessu svæði sem öðrum, sjá síðari ábendingar. En einnig vill stofnunin benda á 61. gr. laga um náttúruvernd um sérstaka vernd en þar er ástæða til að benda sérstaklega á að bæði fossar og votlendi njóta verndar sem og stöðuvötn og tjarnir.

Náttúrufræðistofnun bendir á að fyrirhugað virkjunarsvæði er m.a. á veiðisvæði 6 og 2 vegna hreindýraveiða. Einnig má benda á að ekki fjallað um önnur lón á svæðinu né Grímsárvirkjun og hvort einhver tengsl séu þar á milli s.s. nýting á vatni.

Við frekari vinnslu á málinu vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu, umhverfismati og mati á umhverfisáhrifum sé skoðað hvernig viðkomandi áætlun eða mat samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem, eftir eðli framkvæmda, ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdu á síðari stigum þessa máls.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Steinar Ingi Þorsteinsson <steinar@egilsstadir.is>

Dags: 03/06/2019 08:19:43 AM

Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>

Efni: Náttúrufræðistofnun, verklýsing fyrir breytingu á ASK Fljótsdalshéraði, Geitdalsvirkjun - 201811150

Góðan dag

Eftirfarandi póstur er sendur á umsagnaraðila .

Fljótsdalshérað auglýsir breytingu á aðalskipulagi vegna vatnsaflsvirkjunar sem Arctic Hydro áformar að reisa í Geitdalsá á Fljótsdalshéraði. Áætlað er að uppsett afl hennar verði 9,9 MW en unnið að frumhönnun virkjunarinnar .

Samkvæmt Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er miðlunar- og inntakslón skilgreint á óbyggðu svæði. Stöðvarhúsið er rétt innan marka landbúnaðarsvæða .

Tillaga um breytingu á aðalskipulagi mun að öllum líkindum fela í sér afmörkun iðnaðarsvæða fyrir tvö lón, þrýstipípu og stöðvarhús, ásamt upplýsingum til skýringar um legu vega að mannvirkjunum.

Útbúin hefur verið verkefnislýsing þar sem gerð er grein fyrir ofangreindri breytingu á aðalskipulaginu og umhverfismati. Lýsingin er hér í meðfylgjandi skjali en jafnframt er hún aðgengileg á [vef sveitarfélagsins](http://vef.sveitarfélagsins.is). Óskað er eftir því að ábendingar komi fram fyrir 1. apríl 2019. Ábendingar má senda til skipulagsfulltrúa í tölvupósti á netfangið gunnlaugur@egilsstadir.is eða í bréfi til bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs . Kynning lýsingarinnar og tillögu að breyttu skipulagi, þ.m.t. þessi auglýsing, er skv. 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006

Kveðja

Steinar Ingi Þorsteinsson

Aðstoðarmaður Skipulags- og bygginarfulltrúa Fljótsdalshéraðs.